

**Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti**

**17 101**

**Ársreikningur 2024**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárhildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti**

**kt. 710122-0830**

**Reykjastræti 6, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Hlutverk háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis er að leysa úr læðingi þá krafta sem myndast við samþættingu háskóla, vísinda, rannsókna, iðnaðar, upplýsingasamfélags, hugverka, fjarskipta, netöryggis og nýsköpunar. Þar með skapast grundvöllur fyrir markvissari stefnumótun og stjórnsýslu á þessum sviðum með aukinn vöxt, verðmætasköpun og velsæld að markmiði.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 21 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 697,9 milljónir og afkoma kr. -30,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 95,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 183,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Ari Sigurðsson  
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	691.500.000	702.400.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	1.229.851	3.150.948
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	5.189.410	1.693.433
<b>Tekjur samtals</b>		<b>697.919.261</b>	<b>707.244.381</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	635.359.321	593.939.544
Annar rekstrarkostnaður .....	5	87.761.321	66.661.826
Afskriftir og niðurfærslur .....	6	5.189.410	1.693.433
<b>Gjöld samtals</b>		<b>728.310.052</b>	<b>662.294.803</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(30.390.791)	44.949.578
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(13.038)	(37.435)
		<u>(13.038)</u>	<u>(37.435)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(30.403.829)</b>	<b>44.912.143</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	129.683.427	196.773.259
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		658.173	119.814
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	52.645.575	7.051.170
<b>Eignir samtals</b>		<b>182.987.175</b>	<b>203.944.243</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	13.956.426	20.165.615
Viðskiptaskuldir .....		3.165.424	7.179.893
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	35.279.552	30.419.723
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	34.664.516	19.853.926
<b>Skuldir samtals</b>		<b>87.065.918</b>	<b>77.619.157</b>
<b>Eignir samtals að frádegnum skuldum samtals</b>		<b>95.921.257</b>	<b>126.325.086</b>
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		<b>95.921.257</b>	<b>126.325.086</b>
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>95.921.257</b>	<b>126.325.086</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>182.987.175</b>	<b>203.944.243</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymsyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(30.403.829)	44.912.143
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	5.189.410	1.693.433
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(5.189.410)	(1.693.433)
		<hr/>	<hr/>
(30.403.829)			44.912.143
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(538.359)	187.841
Tengdir aðilar .....		30.096.828	(53.374.090)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		845.360	8.274.106
		<hr/>	<hr/>
30.403.829			(44.912.143)
		<hr/>	<hr/>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		0	0
		<hr/>	<hr/>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(50.783.815)	(1.326.429)
		(50.783.815)	(1.326.429)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		30.783.815	0
Fjárfestingarframlag .....		20.000.000	1.326.429
		<hr/>	<hr/>
50.783.815			1.326.429
		<hr/>	<hr/>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<hr/>	<hr/>
<b>Handbært fé í árslok</b>		0	0
		<hr/>	<hr/>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....	676.700.000	20.000.000	696.700.000
Fjáraukalög .....	0	0	0
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>676.700.000</b>	<b>20.000.000</b>	<b>696.700.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	14.800.000	0	14.800.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>691.500.000</b>	<b>20.000.000</b>	<b>711.500.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) .....	126.325.087	12.802.756	139.127.843
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>817.825.087</b>	<b>32.802.756</b>	<b>850.627.843</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(721.903.829)	(50.783.815)	(772.687.644)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>	<b>95.921.258</b>	<b>(17.981.059)</b>	<b>77.940.199</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2024	2023		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	691.500.000	702.400.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	5.189.410	1.693.433		
	<b>696.689.410</b>	<b>704.093.433</b>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	676.700.000	0	0	676.700.000
Launabætur .....	14.800.000	0	0	14.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>691.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>691.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .	(721.903.829)	0	0	(721.903.829)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(30.403.829)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(30.403.829)</b>
	2024	2023		
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Leigutekjur .....	0	900.000		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	2.157.615		
Ýmsar tekjur .....	1.229.851	93.333		
	<b>1.229.851</b>	<b>3.150.948</b>		
<b>4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	507.257.646	468.480.355		
Orlof, breyting .....	3.483.456	8.967.993		
Launatengd gjöld .....	114.289.113	105.750.424		
Starfsmannakostnaður .....	10.329.106	10.740.772		
	<b>635.359.321</b>	<b>593.939.544</b>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	35,4	35,4		
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>				
Bækur, ritföng, filmur o.fl. .....	1.734.872	1.631.997		
Byggingarvörur, almennar .....	841.091	0		
Tæki og búnaður til innréttингa .....	615.776	2.700		
Ýmis tæki og áhöld .....	2.610.239	2.937.751		
Orkugjafar .....	10.997	25.185		
Matvæli .....	13.101.969	5.240.774		
Almennar rekstrarvörur .....	1.333.381	79.167		
Vörukaup, almenn	20.248.325	9.917.574		
Kennslu- og föndurvörur .....	47.260	14.000		
Vörukaup, sérgreind	47.260	14.000		

## Skýringar

	2024	2023
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	3.482.588	4.068.827
Ferðir, uppihald .....	19.925.404	18.134.384
Akstur .....	350.450	959.766
Sérfræðibjónusta .....	36.983.108	20.427.309
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	48.972	47.404
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	2.854.224	3.998.761
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	3.252.033	2.629.588
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðibjónusta	66.896.779	50.266.039
Samningsbundin kaup og leiga .....	8.119.283	8.076.236
Afnotagjöld .....	14.827.338	4.988.589
Leigugjöld .....	1.501.361	3.729.551
Notkun véla og flutningatækja .....	182.234	0
Verkkaup .....	10.631.126	3.096.047
Kostnaðarhlutdeild .....	33.695.915	56.646.308
Opinber gjöld .....	0	1.343
Tilfærslur .....	0	13.733.250
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	68.957.257	90.271.324
Vörukaup .....	23.647	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	23.647	0
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(68.411.947)	(83.807.111)
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>87.761.321</u>	<u>66.661.826</u>
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	5.189.410	1.693.433
	<u>5.189.410</u>	<u>1.693.433</u>
	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>7 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	117.657.773	196.773.259
Aðrir ríkisaðilar .....	12.025.654	0
	<u>129.683.427</u>	<u>196.773.259</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	13.956.426	20.165.615
	<u>13.956.426</u>	<u>20.165.615</u>

## Skýringar

31.12.2024                    31.12.2023

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	52.539.555	7.051.170
Aðrar eignir .....	106.020	0
	<b>52.645.575</b>	<b>7.051.170</b>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2024 .....	10.552.220	0	10.552.220
Viðbætur á árinu .....	50.677.795	106.020	50.783.815
	<b>61.230.015</b>	<b>106.020</b>	<b>61.336.035</b>
Afskriftir 01.01.2024 .....	3.501.050	0	3.501.050
Afskrift ársins .....	5.189.410	0	5.189.410
	<b>8.690.460</b>	<b>0</b>	<b>8.690.460</b>
Staða 31.12.2024 .....	<b>52.539.555</b>	<b>106.020</b>	<b>52.645.575</b>

31.12.2024                    31.12.2023

### 9 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	33.903.179	30.419.723
Önnur ógreidd gjöld .....	1.376.373	0
	<b>35.279.552</b>	<b>30.419.723</b>

### 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirið óverði notað til endurfjárfestingar.

	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	52.645.575	7.051.170
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(17.981.059)	12.802.756
	<b>34.664.516</b>	<b>19.853.926</b>

	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárveitinga</b>	<b>Fjárfestinga- fjárveiting</b>	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>
Staða 01.01.2024 .....	7.051.170	12.802.756	19.853.926
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	20.000.000	20.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	50.783.815	(50.783.815)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(5.189.410)	0	(5.189.410)
	<b>52.645.575</b>	<b>(17.981.059)</b>	<b>34.664.516</b>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 7,4 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

# Skýringar

## 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2024      31.12.2023

### Hrein eign

	31.12.2024	31.12.2023
Jöfnuður 1.1.	126.325.086	81.412.943
Afkoma ársins	(30.403.829)	44.912.143
Jöfnuður 31.12.	95.921.257	126.325.086

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 12 Aðrar upplýsingar

### Skuldbindandi samningar

Ráðuneytið hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur. Áætlaðar árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 38,4 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 17,4 milljónum.

### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.